

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/123/EB

2014/EES/73/75

frá 18. desember 2008

um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og VII. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um neysluvörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vísindanefndin um neytendavörur komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 20. júní 2006 að „þótt 4-aminóbensósýra (PABA) sé sem stendur leyfileg og notuð sem sólvörn varð ljóst við mat á málsskjölunum að stór hluti upplýsinganna var ekki í samræmi við núverandi staðla og viðmiðunarreglur“. Til þess að framkvæma fullnægjandi áhættumat á 4-aminóbensósýru krafðist vísindanefndin um neytendavörur þess að snyrtivöruiðnaðurinn legði fram ný málsskjöl með frekari öryggisgögnum, sem væru í samræmi við nútímastaðla og viðmiðunarreglur vísindanefndarinnar um neytendavörur, fyrir 1. júlí 2007.
- 2) Snyrtivöruiðnaðurinn lagði ekki fram frekari öryggisgögn eins og vísindanefndin um neytendavörur fór fram á í álitinu sínu frá 20. júní 2006.
- 3) Án fullnægjandi áhættumats er ekki unnt að líta svo á að 4-aminóbensósýra sé örugg til notkunar sem útblámasía í snyrtivörur og því er rétt að fella hana brott úr VII. viðauka og skrá hana í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

4) Að því er varðar dietýlaminóhýdroxýbensóylhexýlbensóat (INCI-heiti) komst vísindanefndin um neytendavörur að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 15. apríl 2008 að notkun þessa efnis, í styrk að hámarki 10%, í snyrtivörur, þ.m.t. sólvarnarvörur, skapi ekki áhættu fyrir neytendur. Til þess að rýmka svið leyfilegrar notkunar þessa efnis skal breyta c-dálki í færslu 28 í VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. júlí 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita ákvæðunum, sem sett eru fram í 3. lið viðaukans við þessa tilskipun, frá 8. júlí 2009.

Þau skulu beita ákvæðunum, sem sett eru fram í 1. og 2. lið viðaukans við þessa tilskipun, frá 8. október 2009.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 22.10.2009, bls. 5.

(1) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslu 167 í II. viðauka, „Esterar 4-aminóbensósýru, með óbundinn aminóhóp, þó ekki efni sem talin eru upp í 2. hluta VII. viðauka“, komi „4-aminóbensósýra og esterar hennar með óbundinn aminóhóp“.
2. Í VII. viðauka falli færsla 1 brott.
3. Í c-dálki í færslu 28 í VII. viðauka falli orðin „í sólarvarnarvörur“ brott.
